



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Samgöngufélagið

b.t. Jónas Guðmundsson

jonas@snerpa.is

Patreksfjörður 16. september 2021

### Efni: Endurskoðun Aðalskipulags Vesturbyggðar 2018-2035-svör við athugasemdum

Eftirfarandi eru svör við athugasemdum sem gerðar voru við Aðalskipulag Vesturbyggðar á auglýsingatíma sem lauk 24. júní 2021.

Samgöngufélagið stóð fyrir könnun um þverun Vatnsfjarðar í júní 2021 og sendi til Vesturbyggðar niðurstöðu könnunar sem athugasemd.

### Viðbrögð bæjarstjórnar:

Að mati sveitarfélagsins þá myndi þverun Vatnsfjarðar rýra mjög gildi friðlýsingar svæðisins þar sem þverun myndi skerða ásýnd svæðisins til muna. Núverandi veglína með bættum aðgerðum umhverfis Flókalund sem myndi gefa þeirri starfsemi meira pláss er talin hagkvæmari og skynsamari kostur. Þverun hefði óverulega styttingu í för með sér og ávinningurinn lítill miðað við umfang framkvæmdarinnar við þverun. Útfærsla á veginum við Flókalund er ekki ákveðin og þarfnast breytingar á aðalskipulagi, þegar þar að kemur og verður það unnið í frekari samráði við Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri.

